



*Upplýsingar til kennara*

## **SKÓLABÚÐIRNAR Á ÚLFLJÓTSVATNI**

2021-2022



# Velkomin á Úlfjótsvatn!

Öllum grunnskólum á landinu stendur til boða að senda nemendur sína í skólabúðir á Úlfjótsvatni. Fyrirkomulag skólabúðanna er á þann veg að ein til tvær bekjkardeildir eru á staðnum í einu með bekjkarkennurum.

Starfsfólk skólabúða sjá um ýmsa dagskrárlíði í samvinnu við kennara. Það segir líka til um þær reglur sem gilda á staðnum, er varða öryggi og umgengni.

Fullkomið mötuneyti er á staðnum og fá allir þáttakendur skólabúða fullt fæði á meðan á dvöl stendur.

# Dagskráin

Við gerð dagskrár skólabúðanna eru grunnstoðir nýrrar aðalnámskrár hafðar til hliðsjónar. Dagskráin miðast nær öll við útiveru og að nýta það frábæra umhverfi sem staðurinn býður upp á. Það er því mikilvægt að nemendur, kennarar og aðstoðarfólk sé vel útbúið og hafi meðferðis hlífðarfatnað, vatns- og vindþolinn, svo og fót til skiptanna.

## Markmið skólabúðanna eru að:

- Gefa nemendum kost á að njóta leikja og starfa við útiveru og útvist í náttúrunni.
- Gefa nemendum kost á að læra um náttúruna og umhverfis mál með athafnanámi
- Efla samkennd nemenda, samskiptafærni, gagnkvæm tengsl og virðingu
- Gefa nemendum kost á að takast á við spennandi áskoranir í nýju umhverfi Nemendur lifi heilbrigðu lífernir með hollum mat og góðri hreyfingu á meðan á dvöl stendur
- Þetta er gert með því að kynna þeim gildi samstarfs, hollarar útvistar og virðingu fyrir náttúrunni. Mikið er lagt upp úr hópefli og samstarfi en einnig er boðið upp á þann möguleika að nýta staðinn og starfsfólkid til að vinna verkefni tengd náttúrfræði eða öðrum greinum í náttúrunni.

Meðal starfsmanna skólabúðanna eru mjög reyndir skátar, útvistar- og björgunarsveitarfólk og grunnskólakennarar.

Dagskráin í skólabúnum okkar felur í sér margs konar starfsemi þar á meðal: tveggja tíma gönguferð yfir Úlfhljótsvatnsfjall, áskoranir og æfingu í liðsheild og **hópefli, klifur, kajak, bogfimi, fánaleikurinn** (capture the flag) og **heimsókn í Írafoss virkjun**. Tveggja daga búðirnar okkar innihalda 3 dagskrá bil og 3 daga búðirnar okkar innihalda 5. Dagskráin er sveigjanleg og starfsemi verður ákveðin út frá veðri, hópstærð og því sem hópurinn vill gera.

Það er líka nokkur frjáls tími fyrir hópa til að skoða svæðið, nota þrautabraitn okkar, leika sér á íþróttavellinum o.fl. Við hvetjum kennara til að undirbúa eitthvað fyrir kvölddagsskrána eftir kvöldmat. Hópurinn hefur aðgang að "Norður sal", sem er búinn hljóðkerfi og skjávarpa - hægt er að horfa á kvíkmynd fara í Karókí, halda skemmtiatriði eða fara í aðra skemmtilega leiki!

## 2 daga skólabúðir

Kl.	Dagur 1	Dagur 2
<b>08:30</b>		
<b>09:00</b>		Morgunmatur
<b>10:00</b>	Kynningarganga og Hópefli	Dagskrábil
<b>12:00</b>	Hádegismatur	
<b>14:00</b>	Dagskrábil	Brottför
<b>16:00</b>	Kaka og frjáls tími	
<b>18:00</b>	Kvöldmatur	
<b>19:00</b>	Dagskrá á vegum kennara	
<b>21:00</b>	Kvöldkaffi	
<b>23:00</b>	Kyrrð	

## 3 daga skólabúðir

Kl.	Dagur 1	Dagur 2	Dagur 3
<b>08:30</b>			
<b>09:00</b>			Morgunmatur
<b>10:00</b>	Kynningarganga og Hópefli	Dagskrábil	Dagskrábil
<b>12:00</b>	Hádegismatur		
<b>14:00</b>		Dagskrábil	Brottför
<b>16:00</b>	Kaka og frjáls tími		
<b>18:00</b>	Kvöldmatur		
<b>19:00</b>	Dagskrá á vegum kennara		
<b>21:00</b>	Kvöldkaffi		
<b>23:00</b>	Kyrrð		

# Minnislisti kennara

## Áður en komið er

- Fara vel yfir útbúnaðarlistann með nemendum. Fara yfir mikilvægi þess að fara eftir listanum, t.d. hvað varðar hlífðarfatnað, því mikið er lagt upp úr útiveru. Muna að merkingar á fatnaði eru nauðsynlegar.
- Ákveða hvað tekið verður með sem „bekkjaútbúnaður“, s.s. fótbolti, spil og töfl, útværpstæki og geisladiskar (fyrir dagskrá eftir kvöldvökum, diskótek).
- Hægt er að útfæra kvölddagskrá á marga vegu, en það er tilvalið að undirbúa skemmtiatriði, eins og leiki, leikþátt eða söngva, með nemendum fyrirfram. Í þriggja daga skólabúðum er líka gert ráð fyrir karaoke eitt kvöld, sem kennrar sjá um. Á staðnum eru hljómflutningstæki og nettengd tölva.
- Athuga að fá foreldra til að koma með hverri bekkjardeild. Reynsla af þessu hefur verið mjög góð og það léttir mjög á kennara ef foreldri er með og tekur þátt í dagskrá og annarri starfsemi á staðnum.
- Vera búinn að ákveða hvernig nemendum verður skipt í herbergi áður en lagt er af stað.
- Staðfesta fjölda nemenda og fullorðina við starfsfólk skólabúða, a.m.k. viku fyrir komu.
- Huga sérstaklega að nemendum sem vitað er að haldnir eru óþoli, ofnæmi eða öðrum kvíllum, taka lyf reglulega eða þurfa sérstakt mataræði, t.d. vegna sykursýki eða ofnæmis. Tilkynna starfsfólk skólabúða um ofnæmi og óþol a.m.k. viku fyrir komu.

## Á meðan á dvöl stendur

- Starfsfólk skólabúða sér um dagskrá fram tilog með kaffi, auk þess að sjá um alla matartíma og kvölddagskrá að hluta.
- Kennrar hafa eftirlit með því að nemendur séu tilbúnir stundvíslega í dagskrá og matartíma, séu rétt útbúnir hverju sinni og hafa auga með líðan nemenda í og utan dagskrár.
- Eftir kaffi taka kennrar við dagskránni og geta þá verið með undirbúna dagskrárlíði eða frjálsan tíma. Sérstaklega er bent á möguleikann til að vinna verkefni tengd t.d. náttúrufræði á staðnum og nýta þannig dvölinu til fulls.
- Kennrar geta haft samband við starfsfólk skólabúðanna ef þeir óska eftir aðstoð við kvölddagskrá.
- Nemendur eru alfarið á ábyrgð skólans á meðan á dvöl í skólabúðum stendur.



# Úlfþjótsvatn



Útilífsmiðstöð skáta Úlfþjótsvatni er í Grafningi, skammt frá Ljósafossvirkjun.

Jörðin er í eigu skáta og Skógræktarfélags Íslands. Útilífsmiðstöðin hefur um áratuga skeið verið aðalbækistöð skáta á Íslandi. Þar er miðstöð foringjaþálfunnar skáta, aðstaða fyrir skátamót, sumarbúðir og almennings tjaldsvæði.

Öll aðstaða er eins og best verður á kosið. Þátttakendur gista í 4-8 manna herbergjum í JB-skála og DSÚ-skála á aðalsvæði Útilífsmiðstöðvarinnar. Öll herbergi eru með kojum.

Aðstaða til útvistar gerist vart betri, fjöldi leiktækja og þrautabrauta, stærsti klifur- og sigturn landsins og margar skemmtilegar gönguleiðir.

Athugið að einungis er um 62-64 svefnpláss að ræða, samanlagt fyrir kennara og nemendur. Kennarar raða niður í herbergi og skála.



## Úlfþjótsvatn (lake)



# Skólabúðirnar á Úlfljótsvatni

## Upplýsingar fyrir nemendur

### Kæri nemandi,

Við hlökkum til að fá þig í skólabúðirnar á Úlfljótsvatni.

Til að auðvelda þér undirbúning fyrir ferðina höfum við sett saman smá upplýsingar fyrir þig. Vinsamlegast skoðaðu þær vel (helst með einhverjum fullorðnum líka) svo þú vitir hvað er best að koma með og á hverju þú mátt eiga von. Við sjáumst svo hress eftir nokkra daga!

Kveðja, Starfsfólk Í Úlfljótsvatni

### Um Úlfljótsvatn

- Á Úlfljótsvatni hafa verið skólabúðir í yfir 20 ár.
- Boðið er upp á fjölda dagskráratriða sem byggjast m.a. á náttúrufræði, íþróttum, lífsleikni og fjölmögum öðrum greinum.
- Einkunnarorð Skólabúðanna eru: Leikur, útivist, gleði, vinátta, áskoranir.
- Á Úlfljótsvatni er stórt og vel búið almenningstjaldsvæði, og þar eru líka sumarbúðir fyrir hressa krakka.
- Áhersla er lögð á að öllum líði vel. Hópurinn er þéttur, til dæmis með hópefli og öðrum verkefnum sem þroskar samvinnu.
- Starfsfólk okkar hefur m.a. reynslu af kennslu í grunnskólum, útivist, skátastarfi og björgunarsveitarstarfi.

### Útbúnaðarlisti

- Svefnpoki (og koddi ef vill)
- Handklæði
- Tannbursti, tannkrem, hárbursti o.b.h.
- Vatns- og vindheldur fatnaður
- Hlí peysa
- Góðar útibuxur, t.d. flísbuxur eða æfingabuxur. Helst ekki gallabuxur (verða þungar og kaldar ef þær blotna).
- Ullarnærföt eru góður kostur undir.
- Gúmmistígvél eða vatnsvarðir skór (t.d. góðir gönguskór)
- Tvennir ullarsokkar
- Húfa og vettlingar
- Léttur innifatnaður, skyrta, bolur, buxur, jogging-galli eða þess háttar
- Vasaljós (ef á)
- Föt til skiptana (líka nærföt, ef allt blotnar)
- Góða skapið!

### Mikilvægt að muna

- Merkja allan fatnað.
- Ekki er í boði að taka með sér sælgæti, snakk eða gosdrykki. Ekki heldur GSMsíma, útvarp, iPod eða aðra tónlistarspilara.
- Engin ábyrgð er tekin á fjármunum nemenda, enda engin þörf fyrir þá.
- Ef nemandi er haldinn sjúkdómi eða kvilla, eða þarf að taka lyf reglulega, verður forráðamaður að gera bekjkjarkennara grein fyrir því.
- Ef nemandi þarf sérstakt mataræði verður að láta vita af því tímanlega.